

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 84/1951. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason)
gegn

Önnu Jónsdóttur f. h.

dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og máls-
meðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vest-
mannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson
og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði
ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og
málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati
dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti,
og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar
tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda.
Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir fram-
lögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýj-
anda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að
því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum
sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo
vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæð-
um 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina
kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og máls-
kostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga
að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefndi, Anna Jónsdóttir f. h. dánarbús Sigurðar A.
Gíslasonar, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, máls-

kostnað fyrir Hæstarétti, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m. og endurupptekið í dag og lagt að nýju í dóm, er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja samkvæmt heimild í 200. gr. einkamálalaganna af Önnu Jónsdóttur, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar með stefnu, útgefinni 21. maí 1951, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu eignatjónsbóta, að fjárhæð kr. 4800.00 með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Svo krefst stefnandi þess, að sér verði tildæmdur sjóveðréttur í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Stefndi hefur hvorki mætt né látið mæta, og hefur honum þó verið löglega stefnt. Verður málið því dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum í samræmi við fyrirmæli 118. gr. einkamálalaganna.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að sonur hennar Sigurður A. Gíslason hafi verið skipverji á m/s Helga Ve. 333, eign stefnda, er það fórst við Faxasker hinn 7. janúar 1950, og hafi hann farizt þar með skipinu. Glötuðust þá allar eigur hans, er hann hafði með sér í skipinu. Telur stefnandi, að samkvæmt reglum nr. 13 frá 30. janúar 1945, sem settar eru samkvæmt heimild í 41. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, beri stefnda sem eiganda og útgerðarmanni skipsins að greiða dánarbúi Sigurðar A. Gíslasonar fébætur fyrir eignir hans, sem fórust með skipinu, er nemi ofangreindri fjárhæð.

M/s Helgi Ve. 333 var samkvæmt skipaskrá Vestmannaeyja að stærð 114,75 rúmlestir brúttó, en 60,34 rúmlestir nettó. Samkvæmt 2. gr. og niðurlagi 4. gr. reglna nr. 13/1945 ber stefnda að greiða dánarbúinu kr. 1600.00 í bætur fyrir eignatjón við slysið, að viðbætti verðlagsuppbót. Kauplagsvisitalan í janúar 1950 var 300, og nema því bæturnar kr. 4800.00. Verður því krafa stefnanda tekin til greina að fullu og ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Svo þykir og rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 750.00 í málskostnað.

Samkv. 1. gr. laga nr. 30 frá 1. febrúar 1936 hefur stefnandi lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Önnu Jónsdóttur f. h. dánarbús Sigurðar A. Gíslasonar, kr. 4800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur lögveðrétt í tryggingarfé m/s Helga Ve. 333 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. nóvember 1952.

Nr. 85/1951. Helgi Benediktsson (Sigurður Ólason)
 gegn
Önnu S. Þorsteinsdóttur f. h.
dánarbús Hálfðáns B. Brynjólfssonar
 (Enginn).

Birting stefnu til héraðsdóms. Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar í héraði. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Sæmundur Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1951, krefst þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi lét sækja þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, og var málinu þá að ósk aðilja frestað. Er málið var síðar tekið til meðferðar, kom enginn fyrir dóm af hálfu stefnda. Málið hefur því verið flutt skriflega og er dæmt eftir framlögðum skilríkjum, sbr. 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Eftirriti því af héraðsstefnu, er stefnuvottar afhentu áfrýjanda og lagt hefur verið fram í Hæstarétti, er áfátt m. a. að því leyti, að þingfestingardags er þar eigi getið, en af þessum sökum kveðst áfrýjandi ekki hafa sótt þing í héraði. Að svo vöxnu máli og þar sem umrætt eftirrit fullnægir ekki ákvæðum 3. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936 ber að taka til greina kröfur áfrýjanda um ómerkingu og frávísun svo og málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.